480702-2390

Móttekið hjá RSK
13. jan. 2015
Fyrirtækjaskrá

pwc

Ríkisskattstjóri - Fyrirtækjaskrá
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2015

Efni: Tilkynning um lok samruna og breytingu úr einkahlutafélagi í hlutafélag

Samruni:

Yfirtökufélag: 365 miðlar ehf., kt. 480702-2390
Yfirtekið félag: IP Fjarskipti ehf., kt. 681201-2890

Þann 9. október 2014 var birt í Lögbirtingablaðinu samkvæmt beiðni félaganna auglýsing um að fyrirtækjaskrá RSK hafi verið send samrunaáætlun félaganna dags. 30. september 2014.

Skv. 103. gr. einkahlutafélagalaga nr. 138/1994 (ehfl.) tilkynnist hér með að yfirteknu félagi telst nú slitið og réttindi þess og skyldur teljast runnar í heild sinni til yfirtökufélagsins. Óskast IP Fjarskipti ehf. því hér með afskráð úr hlutafélagaskrá.

Hjálagt fylgja eftirtalin gögn vegna samrunans:
- Fundargerðir hlutahafafunda þar sem samruninn var samþykktur
- Yfirlýsing um atvik sem hafa veruleg áhrif
- Kvittun fyrir millifærslu inn á reikning RSK (kr. 1000 v. afskráningar á félagi).
- Samrunareikningur

Það staðfestist hér með að heildarhlutafé í A-flokki hlutafjár í yfirtökufélaginu, sem var kr. 1.488.597.315 að nafnvirði, hækkar um 354.427.847 kr. að nafnvirði og verður kr. 1.843.025.162. Þá gilda samþykktir yfirtökufélagsins óbreyttar fyrir hið sameinaða félag fyrir utan breytingu á hlutafé.

Fyrirtækjaskrá hefur áður verið send samrunaáætlun félaganna, sameiginleg greinargerð stjórna, skýrsla endurskoðanda og yfirlýsing skv. 4. mgr. 97. gr. ehfl.

Móttekið hjá RSK
13. jan. 2015
Fyrirtækjaskrá

Breyting á einkahlutafélagi í hlutafélag

Á hluthafafundi þann 15. desember 2014 var samþykkt að breyta félagaformi á 365 miðlum ehf. úr einkahlutafélagi í hlutafélag í samræmi við 107 gr. ehfl. Þessi breyting var samþykkt á hluthafafundi eftir að samruni félagins við IP Fjarskipti ehf. var staðfestur og er búið að uppfæra samþykktir félagsins til samræmis við þetta. Meðfylgjandi eru nýjar samþykktir félagsins.

Virðingarfyllst,

PricewaterhouseCoopers ehf.

Vignir Rafn Gíslason

Móttekið hjá RSK
13. jan. 2015
Fyrirtækjaskrá

Ár 2014, mánudaginn 15. desember kl 09:00 er haldinn hluthafafundur 365 miðla ehf.

Til fundarins er mætt Ingibjörg S. Pálmadóttir í umboði eftirtalinna hluthafa:

Moon Capital S.á.r.l., 8 Boulevard Royal, L-2449
66,6%,.
ML 102 ehf., Suðurlandsbraut 4, 108 Rvk, 15,5%
IP Studium ehf., Laugavegi 1b, 101 Rvk, 12,2%

Samtals er því mætt fyrir hluthafa, sem eiga 94,3% af atkvæðisbæru hlutafé í félaginu.

Þá sátu fundinn, forstjóri félagsins, Sævar Þráinsson, fjármálastjóri Sigrún L. Sigurjónsdóttir, Hannes Frímann Hrólfsson frá Virðingu, Einar Þór Sverrisson stjórnarmaður og endurskoðandi félagsins Vignir Rafn Gíslason.

Ingibjörg setti fundinn og lagði til að Sigrún L. Sigurðardóttir myndi rita fundargerð og stýra fundinum.

Sigrún úrskurðaði fundinn lögmætan, en til hans var boðað með bréfi til hluthafa félagsins í ábyrgðarpósti í samræmi við samþykktir félagsins.

Á dagskrá fundarins var fjallað um og teknar ákvarðanir um eftirfarandi atriði í samræmi við fundarboðið:

1. **Samruni félagsins við IP Fjarskipti ehf., kt. 681201-2890**

Ákveðið var að 365 miðlar myndi sameinast einkahlutafélaginu IP Fjarskipti ehf. með því að 365 miðlar myndi yfirtaka allar eignir og skuldir félagsins. Samþykktir 365 miðlar ehf. gilda óbreyttar um hið nýja félag fyrir utan breytingu á hlutafé, en A-flokkur hlutafjár hækkar um kr. 354.427.847.

Eftirtalin gögn vegna samruna félaganna lágu frammi þegar þessi ákvörðun var tekin (og höfðu legið á skrifstofu félaganna í mánuð fyrir hlutahafafundinn):

a) samrunaáætlun,
b) ársreikningar félaganna sl. 3 ár,
c) greinargerð stjórnar,
d) samrunareikningur,
e) skýrsla endurskoðanda og yfirlýsing.

2. **Breyting á félaginu úr einkahlutafélagi í hlutafélag.**

Samþykkt var að breyta félaginu úr einkahlutafélagi í hlutafélag. Ákvæði 1. gr. samþykkta félagsins orðast því þannig:

„Félagið er hlutafélag. Nafn félagsins er 365 miðlar hf.“

Af þessari breytingu leiðir að þar sem ákvæði laga nr. 138/1994 eru tilgreind í samþykktunum, kemur inn tilvísun til laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

3. Heimild til að greiða upp B-flokk hlutafjár.

Inn í samþykktir félagsins komi svohljóðandi ákvæði í 3. mgr. 5. gr. samþykktanna.

„Félaginu er heimilt eftir 31. júlí 2015 að greiða upp B-flokk hlutafjárins ásamt áföllnum vöxtum að lagaskilyrðum uppfylltum"

4. Stjórnarkjör og fjölgun varamanna.

Ákveðið var að fjölga varamanni í stjórn félagsins um einn, þannig þeir verði tveir og breytist 9. gr. samþykkta félagsins að því leyti.

Inn í stjórnina var kosinn Steinþór Baldursson, kt. 080766-4089 í stað Almars Möller, sem verður varamaður stjórnar og Margit Robertet, kt. 030365-8019. Hilmar Gunnarsson lætur af störfum sem varamaður.

Samþykkt að fela PricewaterhouseCoopers ehf. að senda tilkynningu um lok samrunaferlis og um aðrar breytingar á samþykktum félagsins til hlutafélagaskrár.

Fundarstjóra og fundarritara var falið að ganga frá og undirrita fundargerð.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið

Móttekið hjá RSK
13. jan. 2015
Fyrirtækjaskrá

Ár 2014, mánudaginn 15. desember kl. 13:00 er haldinn hluthafafundur IP fjarskipta ehf. kt. 681201-2890 í húsakynnum Virðingar hf. að Borgartúni 29, Reykjavík.

Til fundarins eru mættir: Kristín Pétursdóttir, Baldur Már Helgason, Hannes Frímann Hrólfsson, Steinþór Baldursson, Sævar Freyr Þráinsson, Einar Þór Sverrisson og Kjartan Örn Ólafsson.

Steinþór Baldursson setti fundinn og lagði til að Petrea I. Guðmundsdóttir myndi rita fundargerð og Einar Þór Sverrisson myndi stýra fundinum. Var það samþykkt.

1. Baldur Már var mættur fyrir AuÐi 1 fagfjárfestasjóð slf., sem er eigandi 93,65% hlutafjár.
2. Kjartan Örn Ólafsson var mættur fyrir Volta ehf., sem er eigandi 6,35% hlutafjár.

Samtals er því mætt fyrir hluthafa, sem eiga 100% af atkvæðisbærum hlutum í félaginu. Ekki er gerð athugasemd við boðunarhátt fundarins.

Einar úrskurðaði fundinn lögmætan, en til hans var boðað með tölvupósti til hluthafa félagsins í samræmi við samþykktir félagsins.

Á dagskrá fundarins var fjallað um og teknar ákvarðanir um eftirfarandi atriði í samræmi við fundarboðið:

1. **Samruni félagsins við 365 miðla ehf., kt. 480702-2390**

Fyrir fundinum lá tillaga þess efnis að IP Fjarskipti ehf. myndi sameinast einkahlutafélaginu 365 miðlar ehf. með því að félagið yfirtaki allar eignir og skuldir IP Fjarskipta ehf. Samþykktir 365 miðla ehf. munu gilda óbreyttar áfram um hið nýja félag. Með þessu liggur fyrir tillaga um að samþykkja samrunaáætlun félagsins frá 30. september sl., en samrunaáætlun var birt í Lögbirtingablaðinu 9. nóvember sl.

Steinþór tók til máls og taldi að um gríðarlega gott skref fyrir félagið væri að ræða og rakti feril málsins og lagði til að þetta yrði samþykkt. Petra tók til máls og rakti hvaða skilyrði hið sameinaða félag þarf að starfa eftir í samræmi við sátt við Samkeppniseftirlitið, sem var gengið frá sl. föstudag.

Eftirtalin gögn vegna samruna félaganna lágu frammi þegar þessi ákvörðun var tekin (og höfðu legið á skrifstofu félagsins í mánuð fyrir hlutahafafundinn):

a) samrunaáætlun,
b) ársreikningar félaganna sl. 3 ár,
c) greinargerð stjórnar,
d) samrunareikningur,
e) skýrsla endurskoðanda og yfirlýsing.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum..

Yfirtökufélagið mun sjá um eða fela umboðsmanni sínum að senda nauðsynlegar tilkynningar um lok samruna.

Fundarstjóra og fundarritara var falið að ganga frá og undirrita fundargerð.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Petrea Guðmundsdóttir

Baldvin Þór Bergsson

Hannes Þór Hallgrímsson

Móttekið hjá RSK
13. jan. 2015
Fyrirtækjaskrá

Yfirlýsing um atvik sem hafa verulega þýðingu, sbr. 4. mgr. 99. gr. ehfl.

Í dag 15. desember 2014 hafa verið boðaðir hluthafafundir í einkahlutafélögunum 365 miðlar ehf., kt. 480702-2390 og IP Fjarskipti ehf., kt. 681201-2890 þar sem afstaða verður tekin til tillögu um samruna félaganna.

Í samræmi við 4. mgr. 99. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög upplýsa stjórnir 365 miðla ehf. og IP Fjarskipti ehf., að engar verulegar breytingar hafi orðið á eignum og skuldum félaganna frá því að samrunaáætlun félaganna var undirrituð þann 30. september til dagsins í dag.

Reykjavík, 15. desember 2014

F.h stjórnar IP Fjarskipti ehf.

Kristín Pétursdóttir

f.h. stjórnar 365 miðla ehf.

RSK
- 1. okt. 2014
MÓTTEKIÐ

Fyrirtækjaskrá RSK
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. 09 2014.

Efni: tilkynning um fyrirhugaðan samruna milli 365 miðla ehf. og IP Fjarskipta ehf.

Hér með tilkynnist yður að stjórnir, einkahlutafélagsins 365 miðlar ehf., kt. 480702-2390, Skaftahlíð 24, Reykjavík og einkahlutafélagsins IP Fjarskipta ehf., kt. 681201-2890, Efstalandi 26, Reykjavík ákváðu í dag að leggja fram tillögu um sameiningu félaganna miðað við 30. júní 2014, undir nafni 365 miðla ehf.

Meðfylgjandi eru greinargerðir stjórna félaganna ásamt samrunaáætlun, yfirlýsingu endurskoðenda og stofnefnahagsreikningi fyrir sameinað félag.

f.h. 365 miðla ehf.

Sigrún Lína Sigurjónsdóttir

RSK
- 1. okt. 2014
MÓTTEKIÐ

Samrunaáætlun

Yfirtökufélag: 365 miðlar ehf., kt. 480702-2390, Skaftahlíð 24, Reykjavík

Yfirtekið félag: IP Fjarskipti ehf., kt. 681201-2890, Efstalandi 26, Reykjavík

Stjórnir félaganna tveggja hafa gert í sameiningu eftirfarandi áætlun um samruna félaganna með þeim afleiðingum að yfirtekna félaginu er slitið án skuldaskila og félagið sameinað yfirtökufélaginu.

Sameiningin miðast við 1. júlí 2014.

Endanleg ákvörðun um samruna verður tekin af hluthöfum félaganna.

1. gr.

Stjórnir félaganna eru sammála um að sameina félögin undir nafni 365 miðlar ehf. á grundvelli XIV. kafla laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Sameiningin skal miðast við 30. júní 2014 þannig að fyrsti dagur sameinaðs félags telst vera 1. júlí 2014. Við lok samrunaferilsins mun IP Fjarskipti ehf. verða afskráð.

2. gr.

Heimilisfang félagsins verður að Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.

3. gr.

Við sameininguna fá hluthafar í IP Fjarskiptum ehf. einvörðungu hluti í 365 miðlum ehf. í skiptum fyrir hlutafé sitt, á eftirfarandi hátt:

Hluthafar í IP Fjarskiptum ehf. láta af hendi hlutafé sitt í félaginu að nafnverði kr. 309.669.175, en fá í staðinn hluti í A-flokki hlutafjár í 365 miðlum ehf. að nafnverði kr. 354.427.847, eða 1,145 í A-flokki hlutafjár í 365 miðlum ehf. fyrir hverja krónu hlutafjár í IP Fjarskiptum ehf., þannig að hlutafé í 365 miðlum ehf. í A-flokki hlutafjár hækkar um kr. 354.427.847 að nafnverði vegna samrunans.

Núverandi hluthafar í 365 miðlum ehf. eiga áfram hluti sína í A- flokki hlutafjár í félaginu að nafnverði kr. 1.488.597.315, þar af eru eigin hlutir félagsins kr. 6.611.448. Eftir sameininguna verður nafnverð hlutafjár í A-flokki í félaginu kr. 1.843.025.162, þar af eru eigin hlutir félagsins kr. 6.611.448. Nettó útistandandi hlutafé í A-flokki hlutafjár eftir samrunann er því kr. 1.836.413.714

B-flokkur hlutafjár í 365 miðlum ehf. er óbreyttur frá því sem var fyrir samrunann og er nafnverð hans kr. 445.100.000.

Samanlagt heildarhlutafé í A og B flokki hlutafjár í sameinuðu félagi verður því kr. 2.288.125.162.

4. gr.

Réttindum og skyldum IP Fjarskipta ehf. skal teljast lokið 30. júní 2014 enda tekur 365 miðlar ehf. við öllum réttindum og skyldum yfirtekna félagsins frá og með 1. júlí 2014.

5. gr.

Hvorki hluthafar, stjórnendur, lánardrottnar né aðrir skulu njóta sérstakra réttinda eða hlunninda umfram aðra í hinu sameinaða félagi að öðru leyti en sem greinir á um mismun A og B flokka hlutafjár í samþykktum 365 miðla ehf.

6. gr.

Samþykktir 365 miðla ehf. munu gilda um hið sameinaða félag.

7. gr.

Til staðfestu samrunaáætlun þessari undirrita hana stjórnir 365 miðla ehf. og IP Fjarskipta ehf., sem einnig samþykktu að fela PricewaterhouseCoopers ehf. samskipti við hlutafélagaskrá út af samrunanum.

Reykjavík, 30. september 2014

Stjórn 365 miðla ehf.

Stjórn IP Fjarskipta ehf.

RSK
- 1. okt. 2014
MÓTTEKIÐ

Greinargerð stjórnar
365 miðla ehf.
vegna tillögu um samruna

Fyrir liggur sameiginleg áætlun stjórna 365 miðla ehf., kt. 480702-2390 og IP Fjarskipta ehf., kt. 681201-2890 um samruna félaganna þar sem gert er ráð fyrir að samruninn miðist við 1. júlí 2014.

Í samrunaáætluninni koma fram þau atriði sem greind eru í 95. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, eftir því sem við á.

Samkomulag er um að skiptigengi hlutafjár í yfirtekna félaginu og yfirtöku félaginu, sem hefur í för með sér hækkun hluta í A-flokki hlutafjár í 365 miðlum ehf., eftir samrunann, að nafnverði kr. 354.427.847. Hluthafar í IP Fjarskiptum ehf. fá eingöngu hluti í A-flokki hlutafjár í 365 miðlum ehf. sem gagngjald fyrir hluti sína í IP Fjarskiptum ehf.

Skiptihlutföll í samrunanum eru byggð á verðmætamati félaganna miðað við 30. júní 2014 sem hluthafar félaganna hafa orðið ásáttir um. Verðmætamatið byggir á mati á rekstrarvirði hvors félags fyrir sig að teknu tilliti til skattalegra áhrifa og áætluðu rekstrarvirði samlegðaráhrifa sem skipt er á milli aðila. Það er mat stjórnar að aðferðin sé fullnægjandi í þessu tilviki og að endurgjaldið fyrir hlutina efnislega rökstutt.

Einnig vísast til sérfræðiskýrslu, PricewaterhouseCoopers ehf. um fyrirhugaðan samruna.

Það er álit stjórnar 365 ehf. að með samruna félaganna náist aukið hagræði við reksturinn og að í einu félagi muni megin tilgangur félaganna eflast og styrkjast.

Reykjavík, 30 september 2014.

F.h stjórnar 365 miðla ehf.

RSK
- 1. okt. 2014
MÓTTEKIÐ

Greinargerð stjórnar
IP Fjarskipta ehf.
vegna tillögu um samruna

Fyrir liggur sameiginleg áætlun stjórna 365 miðla ehf., kt. 480702-2390 og IP Fjarskipta ehf., kt. 681201-2890 um samruna félaganna þar sem gert er ráð fyrir að samruninn miðist við 1. júlí 2014.

Í samrunaáætluninni koma fram þau atriði sem greind eru í 95. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, eftir því sem við á.

Samkomulag er um að skiptigengi hlutafjár í yfirtekna félaginu og yfirtöku félaginu, sem hefur í för með sér hækkun hluta í A-flokki hlutafjár í 365 miðlum ehf., eftir samrunann, að nafnverði kr. 354.427.847. Hluthafar í IP Fjarskiptum ehf. fá eingöngu hluti í A-flokki hlutafjár í 365 miðlum ehf. sem gagngjald fyrir hluti sína í IP Fjarskiptum ehf.

Skiptihlutföll í samrunanum eru byggð á verðmætamati félaganna miðað við 30. júní 2014 sem hluthafar félaganna hafa orðið ásáttir um. Verðmætamatið byggir á mati á rekstrarvirði hvors félags fyrir sig að teknu tilliti til skattalegra áhrifa og áætluðu rekstrarvirði samlegðaráhrifa sem skipt er á milli aðila. Það er mat stjórnar að aðferðin sé fullnægjandi í þessu tilviki og að endurgjaldið fyrir hlutina sé efnislega rökstutt.

Einnig vísast til sérfræðiskýrslu, PricewaterhouseCoopers ehf. um fyrirhugaðan samruna.

Það er álit stjórnar IP fjarskipta ehf. að með samruna félaganna náist aukið hagræði við reksturinn og að í einu félagi muni megin tilgangur félaganna eflast og styrkjast.

Reykjavík, 30. september 2014.

F.h stjórnar IP fjarskipta ehf.

RSK
- 1. okt. 2014
MÓTTEKIÐ

Reykjavík, 30. september 2014

Skýrsla og yfirlýsing vegna samruna 365 miðla ehf. og IP Fjarskipta ehf.

Við höfum yfirfarið samrunaáætlun 365 miðla ehf. og IP Fjarskipta ehf. dagsett 30. september 2014. Samruninn er í samræmi við XIV kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Við sameininguna fá hluthafar í IP Fjarskiptum ehf. einvörðungu hluti í A-flokki hlutafjár í 365 miðlum ehf. í skiptum fyrir hlutafé sitt, á eftirfarandi hátt:

Hluthafar í IP Fjarskiptum ehf. láta af hendi hlutafé sitt í félaginu að nafnverði kr. 309.669.175, en fá í staðinn hluti í A-flokki hlutafjár í 365 miðlum ehf. að nafnverði kr. 354.427.847, eða 1.145 hlut í A-flokki hlutafjár í 365 miðlum ehf. fyrir hverja krónu hlutafjár í IP Fjarskiptum ehf., þannig að hlutafé A-flokks í 365 miðlum ehf. hækkar um kr. 354.427.847 að nafnverði vegna samrunans.

Núverandi hluthafar A-flokks hlutafjár í 365 miðlum ehf. eiga áfram hluti sína í félaginu að nafnverði kr. 1.488.597.315, þar af eru eigin hlutir kr. 6.611.448. Hlutafé í A-flokki hlutafjár í sameinuðu félagi verður kr. 1.843.025.162 að nafnverði eftir samrunann.

B-flokkur hlutafjár í 365 miðlum ehf. er óbreyttur frá því sem var fyrir samrunann og er nafnverð hans kr. 445.100.000.

Samanlagt heildarhlutafé í A og B flokki hlutafjár í sameinuðu félagi verður því kr. 2.288.125.162.

Ofangreind hlutföll eru byggð á verðmætamati félaganna miðað við 30. júní 2014 sem hluthafar félaganna hafa orðið ásáttir um.

Í samræmi við 4. mgr. 97. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, og að teknu tilliti til þess að forsendur í verðmætamati félaganna í greinargerð stjórna þeirra gangi eftir, staðfestum við hér með að fyrirhugaður samruni félaganna tveggja mun ekki rýra möguleika lánardrottna félaganna til fullnustu á kröfum sínum.

Virðingarfyllst,

PricewaterhouseCoopers ehf.

Vignir Rafn Gíslason
Löggiltur endurskoðandi

Móttekið hjá RSK
13. jan. 2015
Fyrirtækjaskrá

365 miðlar ehf. og IP Fjarskipti ehf.

Samrunaefnahagsreikningur
1. júlí 2014

Efnisyfirlit

bls.

Áritun stjórna 2
Áritun endurskoðanda 3
Samrunaefnahagsreikningur 4
Skýringar 5

Áritun stjórna

Meðfylgjandi er samrunaefnahagsreikningur 365 miðla ehf. og IP fjarskipta þann 1. júlí 2014. Samrunaefnahagsreikningurinn er byggður á ársreikningum félaganna þann 31.12.2013 og upplýsingum úr bókhaldi félaganna á árinu 2014 til samrunadags og innifelur, auk efnahagsreikningsins sjálfs, nauðsynlegar skýringar á atriðum er varða fjárhagslega stöðu hinna sameinuðu félaga sem ekki koma fram í efnahagsreikningnum.

Reykjavík, 15. desember 2014

Stjórn 365 miðla ehf.:

Stjórn IP fjarskipta ehf.:

Áritun endurskoðanda

Við höfum aðstoðað við gerð samrunaefnahagsreiknings 365 miðla ehf. þann 1. júlí 2014. Efnahagsreikningurinn er vegna samruna 365 miðla ehf. og IP Fjarskipta ehf. en félögin sameinuðust 30.6.2014 og er fyrsti dagur sameinaðs félags 1.7.2014.

Samrunaefnahagsreikningurinn er byggður á ársreikningum félaganna þann 31.12.2013 og upplýsingum úr bókhaldi félaganna á árinu 2014 til samrunadags. Samkvæmt lögum um ársreikninga eru stjórnendur félagsins ábyrgir fyrir samrunaefnahagsreikningnum. Við höfum ekki endurskoðað eða kannað samrunaefnahagsreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Reykjavík 16. desember 2014

PricewaterhouseCoopers ehf

Vignir Rafn Gíslason
löggiltur endurskoðandi

365 miðlar ehf. og IP Fjarskipta ehf. samrunaefnahagur 01.07. 2014

Eignir	365 miðlar ehf. 30.6.2014	IP Fjarskipti ehf. 30.6.2014	Samruna-færslur	Samruna-reikningur 01.07.2014
Fastafjármunir				
Rekstrarfjármunir	637.088	16.270		653.358
Óefnislegar eignir	6.035.050	53.300	356.595	6.444.944
Eignarhlutir í öðrum félögum	873.912	3.581		877.493
Langtímakröfur	98.507	0		98.507
Dagskrárbirgðir	1.071.646	0		1.071.646
Skatteign	79.929	0	451.000	530.929
	8.796.132	73.150	807.595	9.676.877
Veltufjármunir				
Birgðir	1.150.121	5.311		1.155.431
Viðskiptakröfur	720.795	187.969		908.764
Kröfur innan samstæðu	10.651	0		10.651
Aðrar skammtímakröfur	708.685	1.958		710.644
Handbært fé	3.790	13.880		17.669
	2.594.041	209.118	0	2.803.159
Eignir samtals	11.390.174	282.268	807.595	12.480.037
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé				
Hlutafé A flokkur	1.481.986	309.669	44.759	1.836.414
Hlutafé B flokkur	261.041	0		261.041
Varasjóður samkvæmt 4.tl. 34.gr. laga 138/1994	1.436.044	0		1.436.044
Yfirverð	0	43.049	(43.049)	0
Lögbundinn varasjóður	75.000			75.000
Annað eigið fé	170.763	(805.885)	805.885	170.763
	3.424.833	(453.167)	807.595	3.779.261
Skuldir				
Langtímaskuldir				
Skuldir við lánastofnanir	2.620.461	145.842		2.766.303
Current liabilities				
Skuldir við lánastofnanir	317.858	108.551		426.408
Næsta árs afborgun langtímaskulda	517.996	137.653		655.648
Viðskiptaskuldir	2.183.046	273.302		2.456.348
Viðskiptaskuldir innan samstæðu	671.688	0		671.688
Aðrar skammtímaskuldir	1.654.292	70.088		1.724.380
	5.344.880	589.593	0	5.934.472
Skuldir samtals	7.965.340	735.435	0	8.700.775
Eigið fé og skuldir samtals	11.390.173	282.268	807.595	12.480.036

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skýringar

1. Hlutafé

Á hluthafafundum í 365 miðlum ehf. þann 10. júlí og 23. september 2014 var m.a. ákveðið að hækka hlutafé í nýjum B-flokki hlutafjár um kr. 445.100.000. Á samrunadegi höfðu kr. 261.041.093 verið greiddar inn til félagsins. Frá samrunadegi til dagsins í dag hefur öll útistandandi fjárhæð, kr. 184.058.907 verið greidd til félagsins.

2. Rekstrarleigusamningar

365 miðlar ehf. hefur gert langtíma samninga um dreifingu á dagskrárefni og Fréttablaðinu og langtíma leigusamning til 10 ára um fasteignir sem nýttar eru undir starfsemina. Leigugreiðslurnar eru verðtryggðar.

Félagið er með samninga við þrjá aðila um afnot af dreifingarkerfi þeirra til dreifingar á dagskrárefni. Samningarnir eru óuppsegjanlegir til 0,5 til 4 ára. Afnotagreiðslur eru tengdar áskrifendafjölda og eru ekki verðtryggðar en í samningunum eru lágmarksgreiðslur sem taka mið af verðlagi og eru endurreiknaðar árlega.

Leigusamningar 365 miðla ehf. um byggingar eru vegna Krókháls 6 og Skaftahlíðar 24.Samningur um Krókháls rann út í mars 2014 og samningurinn um Skaftahlíð er óuppsegjanlegir til ársins 2020 og framlengjanlegur í allt að 5 ár þar á eftir.

Félagið hefur einnig gert fjármögnunar- og rekstrarleigusamninga um 17 bifreiðar.

3. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

365 miðlar ehf. hafa gert samninga um kaup á dagskrárefni í árslok 2013 að fjárhæð 1.410 millj. kr. sem er til afhendingar við sýningu. Þessi skuldbinding er ekki færð í efnahagsreikninginn.

4. Óvissa í skattamálum

Embætti ríkisskattstjóra hefur haft til athugunar skattframtöl 365 miðla ehf. vegna áranna 2009 til 2011, vegna gjaldfærðra vaxtagjalda. Hinn 13 nóvember 2013 felldi Ríkisskattstjóri úrskurð þar sem félaginu er gert að greiða 229 millj. kr. með viðurlögum vegna þessara ára og hefur úrskurðurinn verið kærður til Yfirskattanefndar.

Þann 3. apríl 2014 sendi Ríkisskattstjóri boðunarbréf vegna endurákvörðunar opinberra gjalda árin 2012 og 2013. Boðuð endurákvörðun snýst um niðurfellingu gjaldfærðra vaxta af lánum, þ.e. sama atriði og varðar fyrri ár. Félagið hefur þegar andmælt framangreindri boðun á endurákvörðun.

Málavextir eru þeir að í byrjun nóvember 2008 eignaðist Rauðsól rúmlega 99,9% hlutafjár í 365 miðlum ehf. Félögin voru sameinuð undir nafni og kennitölu 365 miðla ehf. og miðaðist samruninn við 1.janúar 2009. Óvissa hefur komið upp, í kjölfar dóms Hæstaréttar í málinu nr. 555/2012, Toyota á Íslandi gegn íslenska ríkinu, um hvort félagið geti nýtt sér skattalegt tap sem myndaðist hjá Rauðsól ehf. fyrir sameininguna og einnig hvort vaxtagjöld af lánum Rauðsólar ehf. vegna kaupa á 365 miðlum ehf. séu frádráttarbær hjá hinu sameinaða félagi. Vaxtagjöld lána, sem tekin voru til að kaupa eignarhlut í dótturfélaginu 365 miðlum ehf. af Rauðsól og nýtt hafa verið til frádráttar sköttum hjá sameinuðu félagi og hafa myndað yfirfæranlegt tap, nema 1.908 millj. kr.. Félagið hefur ekkert gjaldfært í rekstrarreikningi vegna þessa og hefur haldið uppi vörnum í málinu, enda telja stjórnendur þess að atvik séu með öllu ósambærileg og í fyrrnefndu dómsmáli. Röksemdir stjórnenda byggja á áliti ytri sérfræðinga. Óvissa er því hvort félaginu hafi verið heimilt að draga vaxtagjöldin frá skattskylum tekjum sínum. Tapist málið getur það haft veruleg áhrif á eiginfjár- og langtímastöðu félagsins.

5. Óvissar skuldbindingar vegna ágreinings og málaferla

Á IP fjarskiptum hvíla óvissar skuldbindingar vegna ágreinings og málaferla sem stafa af venjulegum og reglubundnum rekstri þess. Félagið á í ágreiningi við Fjarskipti hf. (Vodafone), en Fjarskipti hf. stefndu félaginu í mars 2014 til greiðslu liðlega 117 millj. kr. auk dráttarvaxta og kostnaðar. Félagið stefndi Fjarskiptum hf. í febrúar 2014 til viðurkenningar á rétti til skaðabóta vegna fjártjóns sem félagið telur sig hafa orðið fyrir vena meintrar ólögmætrar riftunar á viðskiptasamningum á milli félaganna í september 2012. Ekki er gert ráð fyrir að verulegar skuldbindingar hvíli á félaginu vegna þessara ágreiningsmála og málaferla.

Útgáfud.: 9. október 2014

Hlutafélög - samruni

Hlutafélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, um að samruninn rýri ekki möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

Yfirtökufélag: 365 miðlar ehf., kt. 480702-2390, Skaftahlíð 24, Reykjavík.
Yfirtekið félag: IP-Fjarskipti ehf., kt. 681201-2890, Efstalandi 26, Reykjavík.
Uppgjörsdagur: 1. júlí 2014.

Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirtekna félagsins sem telst þá reikningslega lokið. Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag. Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/stjórnarfundi þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir birtinguna, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. laga nr. 138/1994 lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvers samrunafélags fyrir sig.

Reykjavík, 6. október 2014.
Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2014016849

Loka glugga